



Reykjavík, 1. desember 2021

SFS2020020096

221. fundur

HG/óks

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staðfesting starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkurborgar skólaárið 2021 – 2022

Samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er eitt af meginhlutverkum skólanefndar sveitarfélags að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert. Skóladagatöl eru hluti af starfsáætlun skóla. Skóladagatöl allra grunnskóla borgarinnar voru lögð fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar á 186. fundi ráðsins 23. júní 2020 en starfsáætlanir eru nú lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Allir grunnskólar í Reykjavík hafa skilað inn starfsáætlunum fyrir starfsárið 2021 -2022:

Austurbæjarskóli	Klettaskóli
Álftamýrarskóli	Klébergsskóli
Árbæjarskóli	Landakotsskóli
Ártúnsskóli	Langholtsskóli
Barnaskóli Hjallastefnunnar	Laugalækjarskóli
Borgaskóli	Laugarnesskóli
Breiðagerðisskóli	Melaskóli
Breiðholtsskóli	Norðlingaskóli
Brúarskóli	Réttarholtsskóli
Dalskóli	Rimaskóli
Engjaskóli	Selásskóli
Fellaskóli	Seljaskóli
Foldaskóli	Skóli Ísaks Jónssonar
Fossvogsskóli	Suðurhlíðarskóli
Grandaskóli	Sæmundarskóli
Hagaskóli	Tjarnarskóli
Hamraskóli	Vesturbæjarskóli
Hlíðaskóli	Víkurskóli
Hólabrekkuskóli	Vogaskóli
Húsaskóli	Waldorfskólinn Sólstafr
Hvassaleitisskóli	Ölduselsskóli
Ingunnarskóli	

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008 á skólaráð hvers grunnskóla að fjalla um árlega starfsáætlun skólans. Skólaráð eru um þessar mundir að fjalla um starfsáætlanir og staðfestingar varðandi það að berast og verður gengið markvisst á eftir því að þær skili sér. Starfsáætlanirnar hafa verið lesnar yfir af starfsfólki á grunnskólahluta fagskrifstofu með hliðsjón af til þess gerðum gátlista. Skólastjórar munu fá gátlistana senda þegar starfsáætlanirnar hafa verið samþykktar og geta stuðst við þá við endurskoðun starfsáætlana fyrir næsta skólaár.